

Fundargerð

177. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 4. nóvember 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Nýir fulltrúar í heilbrigðisnefnd boðnir velkomnir til starfa

Jón Ingi Cæsarsson og Benedikt Kristjánsson voru boðnir velkomnir á sinn fyrsta fund í heilbrigðisnefnd og þegar leið á fundinn leit Pétur Maack fyrrverandi formaður við og kvaddi heilbrigðisnefnd og starfsmenn og voru Péttri þökkuð góð störf.

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar og samþykktar

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt. Alfreð Schiöth kynnti í stuttu máli fjárhagsáætlun sem var samþykkt á síðasta fundi og lögð fram á aðalfundi Eyþings. Alfreð kynnti einnig starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og skýrði hvernig starfsemi heilbrigðiseftirlitsins er byggð upp og kom inn á stjórnskipan heilbrigðisnefndar og sjálfstæði og skýrði frá samstarfi við Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og ráðuneytin.

3. Fréttir af aðalfundi SHÍ og haustfundi heilbrigðisfulltrúa 20. til 22 okt.s.l.

Alfreð Schiöth skýrði frá viðfangsefnum á aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða, fundi með Matvælastofnun og Umhverfisstofnun og árlegum haustfundi heilbrigðisfulltrúa; þar sem fjallað var um ýmiss atriði er lúta að eftirliti með ferðaþjónustu og nauðsyn þess að byggja upp innviði til að mæta auknum fjölda ferðamanna, s.s. hvað varðar samgöngur, gistiþjónustu, veitingarekstur, þjónustustöðvar, mengunarvarnir, fráveitumál, úrgangsmál og náttúruvernd.

4. Íslaugar og aðrar kaldar laugar; drög að leiðbeiningum

Þórey Agnarsdóttir skýrði frá auknum áhuga á að koma fyrir íslaugum og öðrum köldum laugum við sundlaugar og í líkamspjálfunarstöðvun og vandkvæði sem hafa komið upp varðandi ofkælingu, slyshættu, sýkingarhættu, þríf og sóttbreinsun. Starfshópur heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnunar hefur fjallað um málið og fyrir liggja drög að leiðbeiningum og fyrirhugað að gera breytingar á sundlaugarreglugerð til að mæta fyrrnefndum vandamálum. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að nauðsynlegum breytingum á regluverki verði hrint í framkvæmd sem fyrst.

5. Kvartanir frá íbúum á Akureyri varðandi hljóðvist

María Markúsdóttir skýrði frá kvörtunum sem hafa borist að undanförunu frá nokkrum íbúum á Akureyri um fjarlægð og óþægilegan nið eða hávaða. Líkur eru á að tengja megi málið við framkvæmdir við loftræsikerfi Vaðlaheiðar-

ganga, þar sem unnið að því að taka niður eldra loftræsikerfi og setja upp nýtt kerfi. Heilbrigðisfulltrúi mun fylgjast með framkvæmdum og uppsetningu á hljóðvörnum og eftir atvikum gera frekari kröfur þannig að næturro nágranna raskist sem minnst.

6. Eldri starfsleyfi heilbrigðisnefndar

Alfreð Schiöth rakti gang mála hvað varðar starfsleyfagerð og eftirlit með nokkrum matvælafyrirtækjum sem voru áður undir eftirliti og með starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. framsalssamningi milli Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og var eftirfarandi bókað:

Þí framhaldi af yfirtöku Matvælastofnunar á eftirliti og gerð starfsleyfa vegna eftirtalinnna matvælafyrirtækja (starfsleyfisskylda skv. lögum um matvæli nr. 93/1995); er hér með tekin ákvörðun um að fella starfsleyfi heilbrigðisnefndar úr gildi frá og með 1. janúar 2016.

- Holtsselsbúið ehf, ísgerð, kt. 691104-2490
- Geitey, reykhus, kt. 561202-2650
- Skútustaðir, reykhus, kt. 180956-4339
- Stóruvellir, vinnsla úr búfjárafurðum, kt. 520195-2899ö

Umsagnir:

1. Tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Grímsstaðar í Mývatnssveit.

Porkell Björnsson kynnti umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þar sem m.a. er lagst gegn hugmyndum um að leyfa hærri byggingar en sem nemur 2. hæðum í landi Grímsstaða. Heilbrigðisnefnd styður athugasemdir heilbrigðisfulltrúa og minnir á mikilvægi þess að lagmarka sjónmengun vegna byggingarframkvæmda á viðkvæmu verndarsvæði.

2. Mengaður jarðvegur úr lóðum á Höfða á Húsavík.

Porkell Björnsson skýrði frá því að talsvert magn af olíumenguðum jarðvegi hafi komið í ljós í tengslum við flutning á olíutönkum á Höfða á Húsavík. Kallað var eftir úrbótaáætlun að hálfu ábyrgðaraðila og verður umræddur jarðvegur hreinsaður á staðnum; nánar tiltekið með því að hraða niðurbroti með áburðargjöf og loftun á þéttu undirlagi sem er útbúið með olíuskilju. Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með fagleg og góð viðbrögð ábyrgðaraðila.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Jórunn Viggósdóttir, kt. 311257-6339, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Hafnarstræti 100, íbúð nr. 203, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
2. Ölstofan, kt. 420915-0710, Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir krá í flokki III. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. SJ Bald ehf, kt. 690403-2420, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiskála að Grýtubakka I, 601 Akureyri. **Samþykkt.**

4. Akureyri Downtown Apartments, kt. 664907-1260, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Norðurgötu 43, Akureyri. **Samþykkt.**
5. Blikk og tækniþjónustan ehf, kt. 431188-1479, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi. **Samþykkt.**
6. Skaradóttir ehf. kt. 650915-1780, Garðarsbraut 6 (Pakkhúsið) . Rekstrarleyfi/veitingar fl. III Heiti veitingastaðar: Minibar. **Samþykkt.**
7. Jarðboranir hf, kt. 590286-1419 Starfsleyfi fyrir hreinsun á borholum KJ-14 og Kj-15 á Kröflusvæði. **Samþykkt.**
8. LNS Saga, kt. 701013-0340, Hlíðarsmára 4. Rekstur malarnámu að Skurðsbrúnum við Húsavík. **Samþykkt.**
9. Hársnyrtistofan Garðshorn ehf, kt. 541015-3370, Byggðavegi 114a, 600 Akureyri. Rekstaraðiliar Eva Dögg Fjölnisdóttir og Ásdís Rögnvaldsdóttir. **Samþykkt.**
10. Heilsunuddstofa Akureyrar, kt. 121273-3739, Hvannavellir 14. 600 Akureyri. Fyrir heilsu- og sjúkranuddstofu. Rekstaraðilar: Júlía Brynjólfsdóttir og Silvía Bök. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

-Ákveðið var að halda næsta fund þriðjudaginn 8. desember og Þorkell Björnsson tekur að sér að undirbúa fundinn

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45.

_____ Jón Ingi Cæsarsson	_____ Alfreð Schiöth
_____ Hjördís Stefánsdóttir	_____ Þorkell Björnsson
_____ Benedikt Kristjánsson	_____ Þórey Agnarsdóttir
_____ Þórarinn Þórisson	_____ María Markúsdóttir
_____ Hólmfríður G. Jónsdóttir	_____ Kristín Halldórsdóttir